

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðavegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá ristarhliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) og gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhá kirkju að höfn með álmu að sildarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 369 27. ágúst 1979.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir meðferð
húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.**

1. gr.

Í heilsugæslustöðvum, svo og á sérstöku göngudeildum, sem viðurkenndar eru af heilbrigðismálaráðuneytinu, má veita sjúklingum með hverskonar húðsjúkdóma viðeigandi meðferð samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið. Að meðferðinni starfi hjúkrunarfræðingar eða annað heilbrigðisstarfsfólk, sem ráðuneytið telur hafa næga kunnáttu til starfans.

2. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða fyrir meðferð, sem um ræðir í 1. gr., samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Í gjaldskránni má

ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð. Þegar um er að ræða stofnanir, sem daggjaldanefnd ber að setja gjaldskrá, samkv. 46. gr. almtr.laga, kveður ráðuneytið einnig á um skiptingu greiðslu milli samlags og sjúklings.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1978 um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
- Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- Stokk til útdráttar á lykिलölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvitugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d-liður 13. gr. orðist svo:

- Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.